

GJALDSKRÁ

fyrir hreinsun og losun rotþróa í Húnaþingi vestra.

1. gr.

Fyrir hreinsun og losun rotþróa í Húnaþingi vestra skal húseigandi greiða árlegt gjald, rotþróargjald skv. gjaldskrá þessari, sbr. 26. gr. samþykktar um fráveitur í Húnaþingi vestra nr. 639/2013.

2. gr.

Gjald vegna hreinsunar rotþróa skal vera eftirfarandi:

Rotþró 0-2.000 lítra	kr.	17.450	pr. þró
Rotþró 2.001-4.000 lítra	kr.	21.500	pr. þró
Rotþró 4.001-6.000 lítra	kr.	23.500	pr. þró
Rotþró 6.001 lítra og stærri	kr.	5.930	pr./m ³

Gjald miðast við að barkalengd hreinsibíls sé 50 metrar eða styttri.

Fyrir barkalengd umfram 50 metra skal eigandi greiða sérstaklega skv. reikningi.

3. gr.

Fyrir aukalosun skal innheimta gjald þó aldrei hærra en nemur kostnaði við losun og förgun.

4. gr.

Gjaldskrá þessi var samþykkt af sveitarstjórn Húnaþings vestra 9. nóvember 2023, með stoð í 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og á grunni samþykktar um fráveitur í Húnaþingi vestra nr. 639/2013, til að öðlast gildi 1. janúar 2024. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1376/2022.

Hvammstanga, 9. nóvember 2023.

Unnur Valborg Hilmarsdóttir sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 4. desember 2023